

AUGLÝSING

**ríkisskattstjóra nr. 2/2004 um reikning fyrninga og vaxta vegna
fjármögnunarleigu fólksbifreiða skv. 4. tölul. 50. gr.
laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt.**

Ríkisskattstjóri hefur ákveðið að eftirfarandi reglur skuli gilda gjaldárið 2004 við útreikning frádráttarbærs hluta leigugreiðslna vegna fjármögnunarleigu á fólksbifreiðum fyrir færri en 9 menn að undanskildum leigubifreiðum:

1. Fyrningargrunnur telst vera kaupverð bifreiðar eins og það er ákveðið við kaup leigusala (fjármögnunarleigufyrirtækis) á viðkomandi bifreið að frádregnum áður fengnum fyrningum. Fyrningargrunnur bifreiðar, sem skattaðili hefur eignast fyrir lok reikningsársins 2001, og fengnar fyrningar hennar ákvarðast í samræmi við endurmat stofnverðs við framtalsgerð á árinu 2002.
2. Til frádráttar hjá leigutaka á rekstrarárinu 2003 telst 20% fyrning af fyrningargrunni skv. 1. tölul. hér að framan, að viðbættum 9,1 % vöxtum reiknuðum hlutfallslega miðað við upphaf eða lok leigutíma á árinu 2003. Vextir reiknast af fyrningargrunni.
3. Fyrning skv. 2. tölul. hér að framan er heimil að fullu rekstrarárið 2003 hvort sem leigutímabilið hefst eða því lýkur á því ári.

Reykjavík, 8. janúar 2004.

Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri.